



## Bæjarstjórn Garðabæjar 12. (852)/2019

Boðað er til 12. (852). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. september 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

### Dagskrá:

1. 1908016F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/8 '19.
2. 1908022F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/8 '19.  
1908023 - Drög að samningi við Mótás Garðabæ ehf. um uppbyggingu íbúðarbyggðar á Stórársreit.
3. 1908033F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/9 '19.  
1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 4 og 5.  
  
1809189 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi endurskoðun deiliskipulags Molduhrauns.  
  
1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.  
  
1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra-Fólkvangur.  
  
1706139 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi að Haukanes 24.  
  
1908494 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Heiðarlundi 15.
4. 1908018F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 22/8 '19.
5. 1908027F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/8 '19.
6. 1908015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 28/8 '19.
7. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 26/8 '19.
8. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16/8 '19.
9. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 16/8 '19.
10. 1901316 - Fundargerð stjórnar SHS frá 16/8 '19.



11. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 19/8 '19.
12. 1909058 - Tillaga Garðabæjarlistans um bættar samgöngur í Urriðaholti.
13. 1909059 - Tillaga Garðabæjarlistans um beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum.
14. 1909060 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um að lögð verði fram kostnaðargreining á þjónustu hjá leikskólum Garðabæjar.
15. 1806461 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.
16. 1904184 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar fyrir nemendur í 5.-10. bekk.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**11. (851). fundur 2019**

Fimmtudaginn 15. ágúst 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 20. júní 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1906032F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/6 '19.**

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og óskaði GKG til hamingju með Íslandsmeistaratitil í sveitakeppni í golfi. Þá ræddi Ingvar 1. tl., úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 10 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 1906040F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/7 '19.**

Björg Fengler, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., endurnýjun samstarfssamnings við Ungmennafélagið Stjörnuna.

Fundargerðin sem er 12 tl. er samþykkt samhljóða.

### **3. 1907008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/7 '19.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 18. tl., bréf golfklúbbanna um stuðning við framkvæmd Íslandsmóts og notaði tækifærið til að óska GKG til hamingju með Íslandsmeistaratitil í sveitakeppni í golfi.

Fundargerðin sem er 18 tl. er samþykkt samhljóða.

### **4. 1907011F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/7 '19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., undirbúning vegna komu flóttafólks.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., undirbúning vegna komu flóttafólks.

Fundargerðin sem er 6 tl. er samþykkt samhljóða.

### **5. 1907021F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/7 '19.**

Fundargerðin sem er 14 tl. er samþykkt samhljóða.

### **6. 1907023F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/7 '19.**

Fundargerðin sem er 7 tl. er samþykkt samhljóða.

### **7. 1908006F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/8 '19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir tengingu Hnoðraholtbrautar við Arnarnesveg.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 5. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir tengingu Hnoðraholtbrautar við Arnarnesveg og 6. tl. afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 15. tl., samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

#### *Afgreiðsla mála*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að gera ekki, fyrir sitt leyti, athugasemdir við tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Suðurnesja enda verði tillagan tekin til umfjöllunar hjá samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins þar sem lagt verður mat á tillöguna út frá sameiginlegum hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem nær til svæðis sem afmarkast af Lyngási, Stórasi og Ásabraut. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr 1. mgr. 41. gr.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu

Íbúðum er fækkað úr 390 íbúðum í 375 íbúðir. Fjöldi bílastæða verður óbreyttur frá auglýstri tillögu og hækkar úr 1,2 í 1,25 bílastæði á íbúð.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Miðhrauni 2 um frávík frá skipulagsskilmálum varðandi uppsetningu á ljósaskilti.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

#### **8. 1906033F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 25/6 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **9. 1907013F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 17/7 '19.**

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., undirbúning að setningu reglna Garðabæjar um NPA.

Fundargerðin lögð fram.

#### **10. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 1/7 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **11. 1906039F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 4/7 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **12. 1907026F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/8 '19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., deiliskipulag 2. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 1. tl., deiliskipulag 2. áfanga austurhluta Urriðaholts.

Fundargerðin lögð fram.

#### **13. 1907015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 18/7 '19.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., viðurkenningar umhverfisnefndar fyrir snyrtilegt umhverfi og færði öllum þeim sem fengu viðurkenningu hamingjuóskir.

Fundargerðin lögð fram.

#### **14. 1905024F - Fundargerð öldungaráðs frá 15/5 '19.**

Gunnar Einarsson, ræddi málefni eldri borgara og hugmyndir um nýtingu á rými á 1. hæð Ísafoldar, þar sem áður var bakarí, fyrir starfsemi eldri borgara.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., tillögu um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem boði er í Garðabæ.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., tillögu um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem boði er í Garðabæ.

Fundargerðin lögð fram.

**15. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/7 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

**16. 1904035 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 21/6 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

**17. 1901198 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 25/6 og 19/7 '19.**

Fundargerðin lögð fram.

**18. 1901407 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 21/6 og 26/6 '19.**

Björg Fenger, ræddi 1. tl., fg. 21/6 vagnakaup.

Jóna Sæmundsdóttir, 1. tl., fg. 21/6 vagnakaup.

Fundargerðin er lögð fram.

**19. 1906097 - Tillaga Garðabæjarlistans um að ráða í stöðu jafnréttisfulltrúa Garðabæjar.**

Sara Dögg Svanhildardóttir kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að ráða í stöðu jafnréttisfulltrúa.“

Greinargerð

Jafnréttismál snerta alla þætti stjórnarsýslunnar og er því málaflokkur sem varðar alla starfsemi sveitarfélagsins. Til þess að gera betur, ná markvissri eftirfylgni með aðgerðaráætlunum er varða hin ýmsu jafnréttismál er þarft að hafa sérfræðing á því sviði til að fylgja málum eftir og styðja við aðra stjórnendur sem leiða starf bæjarfélagsins.

Gunnar Einarsson tók til máls og ræddi framlagða tillögu. Gunnar lagði til að tillögunni verði hafnað.

Tillagan er felld með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,HP)

**20. 1906097 - Tillaga Garðabæjarlistans varðandi endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar.**

Sara Dögg Svanhildardóttir kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að við endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar verði sérstaklega gerð grein fyrir jafnréttisáherslum er varða alla hópa þ.e.a.s. uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fíötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Einnig samþykkir bæjarstjórn að hefja vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun til að vinna að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í sínu starfi. Gert er jafnréttismat á tillögum sem lagðar eru fyrir vegna fjárhagsáætlunar og lögð er áhersla á að bæta söfnun kyngreindra gagna. Ennfremur

samþykkir bæjarstjórn að unnin verði jafnréttisstefna og með henni fylgi sérstök jafnréttisáætlun þar sem hlutverk og ábyrgð innan stjórnsýslunnar eru skilgreind og verkefni sett upp í tímalínu.

Bæjarstjórn samþykkir að Jafnréttissáttmáli Evrópu verði undirritaður og tryggja þannig aðferðir til að ná jafnrétti á öllum stigum með samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum og mati á áhrifum stefnumótunar og ákvörðunartöku á kyn. Undirritun felur í sér pólitíska viljayfirlýsingu um að vinna að framgangi jafnréttismála í samræmi við sáttmálann.“

Greinargerð

Í ljósi þess að jafnréttisáætlun Garðabæjar hefur verið vísað til fjölskylduráðs til endurskoðunar leggur Garðabæjarlistinn fram tillögu um ákveðnar breytingar til þess að skerpa á jafnréttimálum almennt. Breytingar sem fela í sér undirritun Jafnréttissáttmála Evrópu til þess að tryggja enn frekar skýran ramma utan um innleiðingu jafnréttis á öllum stigum. Jafnframt teljum við í Garðabæjarlistanum enn frekara tilefni til undurritunar þar sem jafnréttis- og mannréttindanefnd var lögð niður af meirihlutanum við upphaf kjörtímabilsins.

Í ljósi sögunnar hefur það sýnt sig að það skiptir máli til að ná árangri að fókusinn sé skýr og verkferlar fyrir hendi þegar jafna á hlut kynja á hvaða stigi stjórnsýslunnar sem er. Því leggur Garðabæjarlistinn einnig til að við endurskoðun verði unnin jafnréttisstefna Garðabæjar og henni fylgi jafnréttisáætlun þar sem verkefni eru skilgreind sett í tímalínu og merkt ábyrðaraðilum innan stjórnsýslunnar og samhliða verði ráðinn jafnréttisfulltrúi fyrir sveitarfélagið.

Um hlutverk Evrópusáttmálans segir:

“Sáttmálinn spannar öll svið sveitarfélaga frá félagsþjónustu til skipulagsmála. Hann býður upp á aðferðir fyrir sveitarfélög til að ná fram jafnrétti í reynd. Lögð er áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða á öllum stigum og sviðum og mati á áhrifum stefnumótunar og ákvörðunartöku á hvort kynið fyrir sig. Tryggja á jafnan aðgang kynjanna að ákvörðunartöku og þjónustu sem taki mið af þörfum bæði karla og kvenna. Mælt er fyrir um aðgerðir gegn staðalímyndum og fræðslu til starfsfólks. Taka á sérstaklega á margfaldri mismunun, sem fyrir utan kyn getur átt rót sína að rekja til kynþáttar, kynhneigðar, aldurs o.fl. Sveitarfélög skulu beita sér fyrir því að samstarfsaðilar þeirra virði jafnréttissjónarmið, svo sem í samningum um kaup á vörum og þjónustu og í samstarfssamningum við félagasamtök.”

Gunnar Einarsson tók til máls um framlagða tillögu. Gunnar lagði til að vísa tillögunni til fjölskylduráðs.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Einarsson, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til fjölskylduráðs sem vinnur að endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar.

## **21. 1902222 - Tillaga um að ganga til samninga við fasteignaþróunarfélagið Spildu ehf. um umsjón við mótun tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Í framhaldi af þarfa- og kostgæfnigreiningu fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Vetrarmýri samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við Fasteignaþróunarfélagið Spildu ehf. um aðstoð við gerð tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar í samvinnu við skipulagsnefnd Garðabæjar og arkitektastofuna Batteríið sem vinnur að gerð deiliskipulags svæðisins.

Ráðgjöf Spildu nær m.a. til eftirtalinna þátta:

- Umsjón með gerð deiliskipulags í Vetrarmýri í samræmi við hugmyndir og áherslur sem kynntar voru á fundi bæjarráðs 18. júní 2019. Meginmarkmiðið er að halda þeirri skýru sýn og stefnu sem mörkuð er í niðurstöðum þarfa- og kostgæfnigreiningar og tryggja að deiliskipulagið færi bænum þau gæði sem sóst er eftir.
- Rýni skipulagsgagna og fundir með skipulagsráðgjöfum og skipulagsnefnd.
- Áframhaldandi samtal við megin kjölfestuaðila sem ákjósanlegir þykja við uppbyggingu svæðisins. Niðurstöðum viðræðna skal skilað til bæjarráðs.

Gengið er út frá því að gerð deiliskipulagsgagna taki allt að 5-6 mánuði og að tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar verði tilbúin til afgreiðslu bæjarstjórnar til auglýsingar eigi síðar en í janúar 2020. Tengiliður bæjarins við Spildu í verkefninu er skipulagsstjóri Garðabæjar. Kostnaður vegna ráðgjafarstarfa Spildu er áætlaður 2,5 m.kr. auk virðisaukaskatts.“

Greinargerð:

Á vormánuðum 2019 unnu Spilda og Garðabær saman að þarfa- og kostgæfnigreiningu fyrir verslunar- og þjónustusvæði í Vetrarmýri í Garðabæ. Til hliðsjónar greiningarvinnunni lá niðurstaða samkeppni um skipulag í Vetrarmýri frá 2018, deiliskipulag fyrir fjölnota íþróttahús og drög að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðrahólts sem eru í vinnslu hjá skipulagsnefnd bæjarins. Skoðaðir voru ýmsir valkostir fyrir Garðabæ varðandi framtíð Vetrarmýrar og mat lagt á þá. Markaðsaðstæður voru kannaðar og m.a. rætt við kjölfestuaðila, fyrirtæki og stofnanir sem gætu hentað inn á svæðið út frá fyrirfram skilgreindum samfélagslegum forsendum.

Í greinargerð þarfa- og kostgæfnigreiningar sem kynnt var á fundi bæjarráðs 18. júní 2019 hefur stefna Garðabæjar við deiliskipulagningu Vetrarmýrar verið rýnd og áherslur bæjarins við uppbyggingu svæðisins skilgreindar nánar. Stefnt skal að því að uppbygging atvinnuhúsnæðis í Vetrarmýri falli vel að áherslum aðalskipulags Garðabæjar varðandi uppbyggingu atvinnusvæða í bænum, nýtist samfélaginu í heild, auki gæði samfélagsins í Garðabæ og styðji við íbúðarbyggð í Vetrarmýri, Hnoðraholti og öðrum nærliggjandi svæðum. Áhersla skal lögð á græn svæði, gott samspil milli íbúðarbyggðar og atvinnuhúsnæðis og örugg tengsl gangandi, hjólandi og akandi umferðar. Gatnakerfi verði hnitmiðað og skilvirkt. Hugað verði að hagkvæmri samnýtingu bílastæða með fjölnota íþróttahúsinu.

Ingvar Arnarson, tók til máls um framkomna tillögu og lýsti andstöðu við tillöguna. Ingvar lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn hafnar því að eyða fjármagni í að fela þriðja aðila utanumhald með þeim verkefnum sem lýst er í tillögu meirihlutans þar sem ávinningurinn af aðkomu þriðja aðila virðist lítil sem enginn. En ekki síður vegna þess að skilgreind verkefni hafa hingað til verið unnin af starfsmönnum tækni- og umhverfissviðs og því fer betur að nýta hæfi starfsmann sveitarfélagsins til verksins og um leiða að fara vel með skattþening íbúa Garðabæjar.“

Sigurður Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu og framlagða bókun.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls um framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Ingvar Arnarson, tók til máls að nýju um framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framkomna tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls að nýju um framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju um framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir framkomna tillögu með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,HÞ).

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Fundargerð bæjarstjórnar 15. ágúst 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**31. (1892). fundur 2019**

Þriðjudaginn 20. ágúst 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir varamaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1906178 - Kynning á starfsemi Strætó bs.**

Á fund bæjarráðs mættu Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs. og kynntu þau starfsemi félagsins og vinnu við stefnumótun.

**2. 1510003 - Frjóakur 7 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Nova Buildings ehf., kt. 521112-1660, leyfi til að skrá og taka í notkun áður lokað rými í einbýlishúsinu að Frjóakri 7.

**3. 1801153 - Hliðsvegur 1 (Hlið)- Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Landnámi ehf., kt. 640295-2529, leyfi fyrir byggingu gistihúss með sex gistiherbergjum að Hliði á Álftanesi.

**4. 1907048 - Vífilsstaðavegur 123 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bak-Hjöllum ehf., kt. 480609-1150, leyfi til að reisa þrjár færanlegar kennslustofur að Vífilsstöðum.

**5. 1802372 - Erindi Samgöngustofu varðandi málþing í Garðabæ um börn og samgöngur, dags. 15.08.19.**

Bæjarráð tekur jákvætt í að verða við erindi um að leggja til húsnaði fyrir málþing um börn og samgöngur. Bæjarráð felur bæjarstjóra afgreiðslu málsins.

**6. 1904184 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar fyrir nemendur í 5.-10. bekk.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.

**7. 1811131 - Bréf Skipulagsstofnunar um athugasemdir varðandi tillögur að deiliskipulagi Breiðumýrar, Helguvíkur, Króks og Kumlamýrar á Álftanesi, dags. 16.08.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til skipulagsnefndar og felur nefndinni að gera nauðsynlegar breytingar hvað varðar athugasemdir um form á tillögu deiliskipulags fyrir miðsvæði Álftaness sem samþykkt hefur verið í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 20. ágúst 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**32. (1893). fundur 2019**

Þriðjudaginn 27. ágúst 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning.**

Á fund bæjarráðs mætti Telma Halldórsdóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi Garðabæjar og gerði grein fyrir reglum um innskráningu í fundargátt og netföng bæjarfulltrúa og nefndarmanna þar sem gerðar eru ráðstafanir til að tryggja öryggi gagna og persónuupplýsinga um íbúa og starfsmenn Garðabæjar, sbr. lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

**2. 1906141 - Bakkafliót 8 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Aðalbjörgu Björgvinsdóttur, kt. 300774-2969 leyfi til breytinga á einbýlishúsinu að Bakkafliót 8.

**3. 1906386 - Furuás 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Benedikt Gunnarssyni, kt. 040476-3699, leyfi til að byggja við núverandi hús að Furuási 3.

**4. 1904344 - Smáraflöt 35 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Guttormi Brynjólfssyni, kt. 050271-5449 leyfi til að byggja við núverandi hús að Smáraflöt 35.

**5. 1907141 - Stekkjarflöt 14 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hauki Björnssyni, kt. 170276-5159, leyfi til að byggja við núverandi hús að Stekkjarflöt 14.

**6. 1903017 - Urriðaholtsstræti 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Húsinu í hverfinu ehf., kt. 571218-0380, leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði að Urriðaholtsstræti 2-4.

**7. 1908023 - Drög að samningi við Mótás Garðabæ ehf. um uppbyggingu íbúðarbyggðar á Stórásreit.**

Bæjarráð vísar samningnum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

- 8. 1712051 - Bréf Persónuverndar varðandi rafræna vöktun við Álftanesveg, dags. 13.08.19.**  
Í bréfinu kemur fram að Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við rafræna vöktun á Álftanesvegi enda er um að ræða vöktun í löggæslutilgangi.
- 9. 1908245 - Bréf Sorpu bs. varðandi notkun á metani, dags. 19.08.19.**  
Í bréfinu er vakin athygli á möguleika sveitarfélaga til að nýta metan eldsneyti í eigin starfsemi.
- 10. 1908249 - Bréf Samtaka grænkerana á Íslandi varðandi áskorun vegna hamfarahlýnunar, dags. 20.08.19.**  
Í bréfinu er skorað á sveitarfélög að bjóða upp á grænkerafæði í skólum bæjarins í þeim tilgangi að draga úr áhrifum vegna losunar kolefnis.  
  
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar grunnskólanefndar og leikskólanefndar.
- 11. 1906384 - Tilkynning frá Jafnréttisstofu um landsfund sveitarfélaga um jafnréttismál í Sveinatungu 4. - 5. september 2019.**  
Lögð fram.
- 12. 1908298 - Bréf Gamalla Fóstbræðra um styrk, dags. 21.08.19.**  
Bæjarráð telur eigi unnt að vera við erindinu.
- 13. 1809166 - Bréf Tækniskólans um fyrirhugaða nýbyggingu, dags. 20.08.19.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við forsvarsmenn skólans varðandi möguleika á að fyrirhuguð nýbygging skólans verði staðsett í Garðabæ.
- 14. 1908337 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga, dags. 13.08.19.**  
Lögð fram.
- 15. 1908338 - Bréf Jöfnunarsjóðs varðandi leigusamning, dags. 19.08.19.**  
Lagt fram.
- 16. 1410266 - Heimsókn í Urriðaholtsskóla.**  
Bæjarráð heimsótti Urriðaholtsskóla en nýlokið er framkvæmdum við innréttingar o.fl. í fyrsta áfanga skólabyggingarinnar. Þorgerður Anna Arnardóttir, skólastjóri og Una Guðrún Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri gerðu grein fyrir áherslu í skólastarfi Urriðaholtsskóli. Skólinn er nú að hefja sitt annað starfsár. Í skólanum eru 169 nemendur eða 115 leikskólabörn og 54 grunnskólabörn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 27. ágúst 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**33. (1894). fundur 2019**

Þriðjudaginn 3. september 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 4 og 5.**

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs við afgreiðslu mála samkvæmt dagskrárliðum 1 -3.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðauka nr. 4 og nr. 5.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 4 og nr. 5 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

**Viðauki 4**

Á árinu 2019 tóku til starfa öldungaráð og samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Tryggja þarf fjárheimildir vegna nefndarlauna.

Öldungaráð	800.000
Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks	800.000

Hrafnista hefur lagt fram ársreikning fyrir árið 2018 fyrir rekstur hjúkrunarheimilis.

Greiðsla til Hrafnistu samkvæmt samningi	24.000.000
--	------------

Gerðar hafa verið breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð sem kalla á hækkun fjárheimilda.

Fjárhagsaðstoð	9.000.000
----------------	-----------

Aukinn fjöldi einstaklinga nýtur félagslegrar heimaþjónustu sem kalla á hækkun fjárheimilda.

Félagsleg heimaþjónusta	30.000.000
-------------------------	------------

Aukinn fjöldi umsókna um húsaleigubætur kallar á hækkun fjárheimilda.

Húsaleigubætur	5.000.000
----------------	-----------

Aukinn þjónusta við skammtí mavistun og dagþjónustu fatlaðs fólks kallar á hækkun fjárheimilda.

Skammtí mavistun	20.000.000
------------------	------------

Samþykktur hefur verið samningur við Ás styrktarfélag um rekstur á búsetukjarna við Unnargrund.

Ás styrktarfélag - samningsgreiðsla	32.000.000
-------------------------------------	------------

Samtals kostnaðarauki	121.600.000
-----------------------	-------------

Kostnaðarauka skal mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð.

Varasjóður	121.600.000
------------	-------------

Viðauki nr. 5.

Breyting á fjárfestingaáætlun fjárhagsáætlunar 2019.

Urriðaholtsskóli - verksamningur	450.000.000	
Kirkjuból, leikskóli - verksamningur	90.000.000	
Gatnagerð Urriðaholti - verksamningur	200.000.000	
Útilífsmiðstöð - skátar	-50.000.000	færast af eignfærslu á rekstur
Íþróttamannvirki GK G	-80.000.000	færast af eignfærslu á rekstur
Hestamannafélagið Sóti	-10.000.000	færast af eignfærslu á rekstur
Samtals	600.000.000	

Kostnaðarauka skal mætt með lántöku að fjárhæð kr. 600.000.000.

**2. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - lántaka.**

Fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 600.000.000.

Um er að ræða tvo lánasamninga. Lán að fjárhæð kr. 210.000.000 verðtryggt með 1,72% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára og án heimildar til uppgreiðslu. Lán að fjárhæð kr. 390.000.000 verðtryggt með 2,05% breytilegum vöxtum. Heimilt er að greiða lánið upp að hluta til eða öllu leyti á gjalddögum.

Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

**3. 1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023) Forsendur og verkferlar.**

Fjármálastjóri gerði grein fyrir forsendum og vinnuferlum vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2019 (2020-2023). Fjárhagsáætlun verður lögð fram í bæjarráði 29. október 2019 og tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn 7. nóvember 2019. Síðari umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð 5. desember 2019.

Bæjarráð samþykkir forsendur og verkferla fjárhagsáætlunar 2020 - 2023.

**4. 1901115 - Suðurnesvegur 10 -Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hestamannafélaginu Sóta kt. 680296-3409, leyfi til byggingar reiðskemmu við Suðurnesveg Álftanesi.

**5. 1901248 - Kynning á stöðu skipulagsmála.**

Á fund bæjarstjórnar mætti Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur og gerði grein fyrir stöðu skipulagsmála sem eru til meðferðar á ýmsum stigum á hjá Garðabæ.

**6. 1809189 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi endurskoðun deiliskipulags Molduhrauns.**

Bæjarráð samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um endurskoðun á deiliskipulagi Molduhrauns. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr 1. mgr. 41. gr. og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd samþykkti að leggja til eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu.

Svæði deiliskipulagsins norðan lóðanna við Vesturhraun 1, 3 og 5 minnkar sem nemur breidd aðalstígs sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi fólkvangsins Garðahrauns efra.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.



**7. 1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.**

Bæjarráð samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Skipulagsnefnd samþykkti að leggja til eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu.

Stígur, skilgreindur sem "aðrir stígar" sem tillaga gerir ráð fyrir vestur frá aðalstíg í hrauninu að fyrirhugaðri stofnbraut (framlengingu Álftanesvegur) fyrir norðan Hádegishól verði felldur út.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

**8. 1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra-Fólkvangur.**

Bæjarráð samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um deiliskipulag fyrir fólkvanginn Garðahraun efra. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr 1. mgr. 41. gr. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Skipulagsnefnd samþykkti að leggja til eftirfarandi breytingar við auglýsta tillögu.

Stikuð leið sem liggur til vesturs frá aðalstíg í miðjum fólkvangi sunnan við Hádegishól verði felld út.

Gert verði ráð fyrir aðalstíg sem liggur með deiliskipulagsmörkum Molduhrauns frá fyrirhuguðum aðalstíg meðfram fyrirhugaðri stofnbraut (framlenging Álftanesvegur) að tengingu við aðalstíg í miðjum fólkvangi til móts við lóðina Vesturhraun 5. Deiliskipulagssvæði fólkvangsins stækki sem nemur breidd stígsins á kostnað deiliskipulagssvæðis Molduhrauns.

Tenging frá aðalstíg í miðjum fólkvangi að Molduhrauni til móts við Vesturhraun 5 breytist úr stikaðri leið í aðalstíg.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

**9. 1706139 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi að Haukanes 24.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis einbýlishúss að Haukanesi 24 þó að byggingarmagn sé umfram hámarks nýtingarhlutfall þar sem um er að ræða 150 fm gluggalaust rými neðnajarðar. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**10. 1908494 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Heiðarlundi 15.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við núverandi hús að Heiðarlundi 15 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en staðfesting á samþykktu deiliskipulagi liggur ekki fyrir.

**11. 1908134 - Tölvupóstur Mannvirkjastofnunar varðandi skil byggingarfulltrúa á gögnum í rafrænt gagnasafn, dags. 23.08.19.**

Lagður fram til kynningar.

**12. 1906351 - Bréf íbúa við Strandveg varðandi fuglalíf við Arnarnesvog, dags. 21.08.19.**

Í bréfinu er farið fram að gripið verði til aðgerða til að uppræta svartbakinn í nágrenni Sjálands til vernda annað fuglalíf.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og umhverfisnefndar.

**13. 1908471 - Bréf UMF Álftaness varðandi endurskoðun samstarfssamnings, dags. 28.08.19.**

Í bréfinu er farið fram á endurskoðun á gildandandi samstarfssamningi sem gildir til 31.12.2020.

Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar íprótta- og tómstundaráðs og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

**14. 1908472 - Bréf UMF Stjörnunnar varðandi afnot af ípróttamiðstöðinni Ásgarði fyrir villibráðarkvöld, dags. 26.08.19.**

Í bréfinu er farið fram á að nýta ípróttahúsið við Ásgarð í fjáröflunarskyni fyrir villibráðarkvöld körfuknattleiksdeildar. Bæjarráð tekur jákvætt í erindið enda verði tryggt sem best að ekki komi til skerðingar á ípróttastarfi og skólastarfi. Jafnframt skal það tryggt að uppfyllt séu öll skilyrði til skemmtanahalds og að ekki komi til kostnaðar fyrir bæinn vegna viðburðarins.

Bæjarráð felur bæjarstjóra afgreiðslu málsins.

**15. 1908414 - Bréf IOGT á Íslandi varðandi áhrif áfengis á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, dags. 19.08.19.**

Lagt fram.

**16. 1909043 - Bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs., dags. 02.09.19.**

Í bréfinu er gerð grein fyrir tillögu að lántöku að fjárhæð 990 mkr með samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna breytinga á fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun í tengslum við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar og kaupa á tækjabúnaði.

Bæjarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu.

Bæjarráð vísar málinu til frekari umræðu og afgreiðslu á næsta fundi bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 3. september 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

## Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 11. fundur 2019

Fimmtudaginn 22. ágúst 2019 kl. 15:30 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir varamaður, Kári Jónsson íþróttáfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttáfulltrúi.

Fundurinn var haldinn í nýja bæjarstjórnarsalnum á Garðatorgi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng**  
Reglur um netföng og aðgang nefndarmanna að fundargátt kynntar.
- 2. 1905306 - Ferðastyrkur til Vífils vegna alheimsmóts skáta 2019**  
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000,- á hvern þátttakanda, fyrir skáta úr Vífli Garðabæ á Alheimsmót skáta í Bandaríkjunum í júlí 2019.
- 3. 1907015 - Ferðastyrkur til Svana á alheimsmót skáta**  
ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000,- á hvern þátttakanda, fyrir skáta úr skátafélaginu Svanir á Álftanesi á Alheimsmót skáta í Bandaríkjunum í júlí 2019.
- 4. 1906324 - Andri Már Rúnarsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
Andri Már Rúnarsson kt. 2108023120 fær ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr. vegna ferðar HSÍ U17 Götaborg, Svíþjóð 30.06.19
- 5. 1906238 - Hjördís Eiríksdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
Hjördís Eiríksdóttir kt. 2809922759 fær ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr. vegna ferðar BLÍ A-landslið kv. Smáþjóðaleikar í Svartfjallalandi 26. maí - 2. júní
- 6. 1906070 - Birta Björnsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
Birta Björnsdóttir kt.2211902709 fær ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr. vegna ferðar BLÍ A-landslið kv. Smáþjóðaleikar Svartfjallalandi 26. maí 2019 - 3. júní 2019.
- 7. 1906069 - Friðrik Anton Jónsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
Friðrik Anton Jónsson kt. 2103022980 fær ferðastyrk að upphæð 20.000,- kr. vegna ferðar U18 KKÍ á NM í Finnlandi 26/6-2/7
Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 08.08.2019.

*Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.45 Smiðjuvegur 20, Kópavogur – matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Kristins Jóhannessonar f.h. Mathofið ehf., kt. 640719-1250, dags. 26.07.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælavinnslu að Smiðjuvegi 20, Kópavogi. Fasteignarnr.:2065327.

Eigendaskipti.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 09.08.2019.

*Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.46 Turnahvarf 4, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Gunnars Sölvasonar f.h. AMG - Bílrúður ehf., kt. 660208-0890, dags. 04.07.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Turnahvarfi 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Fasteignarnr.: 2369723.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 05.07.2019.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 9.7.2019.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.*

#### 2.47 Turnahvarf 4, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sigurðar S. Eiríkssonar, f.h. GP Þjónustan ehf., kt. 610616-2830, dags. 21.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Turnahvarfi 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Húshluti.: 0103

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 21.08.2019.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 21.08.2019.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.*

#### 2.48 Turnahvarf 4, Kópavogur – Blikksmiðja


Lögð fram umsókn Sigurðar Hansen f.h. Landsblikk ehf., kt. 690119-0130, dags. 11.07.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs blikksmiðju að Turnahvarfi 4, Kópavogi.

Ný starfsemi. Fasteignarnr.: 2358918.

Fyrir liggur minnisblað dags.11.07.2019.

Bréf sent byggingafultrúa dags. 12.07.2019.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*



#### 2.49 Vesturvör 36, Kópavogur – málmsmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Kára Pálssonar f.h. Hamar ehf., kt. 431298-2799, dags. 19.08.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Vesturvör 36, Kópavogi.

Endurnýjun. Fasteignanr.: 2282499, 2282500.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 19.08.2019.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.08.2019.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.*

### 3 Umsagnir

#### Hafnarfjörður

##### 3.1 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður – samkoma, Tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu móttakið dags. 02.07.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Norður og niður ehf., kt. 560708-0840, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á Gamla Enska, Flatahrauni 5, þann 09.08.2019 frá kl. 18.00 – 23.55. Gestafjöldi 800.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

##### 3.2 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – veitingastaður,

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.07.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðmundar B. Harðarsonar, f.h. RIF Restaurant ehf., kt. 610119-2040, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað, samkvæmt flokki II, að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2019.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 27.05.2019.*

##### 3.3 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, Tækifærisleyfi


Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.08.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Skólafélags Menntaskólans við Sund., kt. 570489-1199, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á Kaplakrika, Hafnarfirði, þann 29.08.2019 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 650.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

##### 3.4 Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.04.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Phut ehf., kt. 651114-1520, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Staðarberg 2-4, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2019.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 28.01.2019.*



### 3.5 Staðarberg 2-4, Hafnarfjörður – samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.04.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Húsfélagsins IOOF., kt. 620193-2599, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal við Staðarberg 2-4, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 13.06.2019.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 1.07.2019.*

### 3.6 Strandgata 6, Hafnarfjörður – samkoma, Tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 20.08.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Flensborgarskóla, kt. 430985-0789, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu í íþróttahúsinu Strandgötu 6, Hafnarfirði, þann 12.09.2019 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 500.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn.*

### 3.7 Vesturbraut 15, Hafnarfjörður – gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.08.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Edda's farmhouse in town., kt. 450312-0450, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað við Vesturbraut 15, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 24.04.2019.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til núverandi starfsleyfis.*

## 4 Önnur mál


### 4.1 Hreinsun við Elliðavatn. Krafa á dánarbú Þorsteins Hjaltsted um að hefjast þegar handa við hreinsun.

Heilbrigðiseftirlitið sendi Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu sem fer með forræði dánarbús Þorsteins Hjaltsted kt.220760-5619 ítrekun þann 1. ágúst s.l. þar sem gerð er krafa um að þegar í stað fari fram hreinsun á lóðum við Elliðavatn sem eru í eigu dánarbússins eða að öðrum kosti muni heilbrigðiseftirlitið hefjast handa við hreinsun á svæðinu í samræmi við heimild í reglugerð 941/2002 um að skipuleggja og vinna hreinsunarstörf á kostnað eigenda. Aðstæður á svæðinu eru með öllu óásættanlegar og er umtalsverð slyshætta á svæðinu. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki svarað erindinu innan þeirra tímamarka sem gefinn var, eða kynnt áætlun um úrbætur.

*Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir og fá þjónustumiðstöð Kópavogs til að hefja þegar í stað hreinsun í samræmi við samning heilbrigðisnefndar við sveitarfélögin um hreinsunarstörf á vegum heilbrigðisnefndar á grundvelli reglugerðar nr.941/2002 um þvingunarúrræði.*

### 4.2 Umsögn um beiðni Strætó bs. um dýr í strætó

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, þar sem óskað er áframhaldandi undanþágu frá 55. reglugerðar nr.941/2002 um gæludýrahald í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu til áramóta. Unnið er að breytingum á reglugerð þar sem tekið verður mið af þeim sjónarmiðum um eflingu almenningsgangna og heimila gæludýr í almenningsgangum. Reiknað er með að reglugerðardrögin verði send út í byrjun september.



Handwritten signatures and initials, including 'SMC' and 'Htj'.



Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri afstöðu sína frá 4. mars s.l. þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við undanþáguna og samþykktir að hún verði veitt áfram þar til ný reglugerð um dýrahald í almenningsvögnum verður samþykkt.

#### 4.3. Umsögn um handlaugar í skólahúsnæði NÚ.

tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins á undanþágubeiðni frá Framsýn menntun ehf. sem er rekstraraðili grunnskólans Nú um að vera með varanlegar handlaugar í kennslustofum.

Á fundi heilbrigðisnefndar 28.01.2018 var samþykkt að óska álits Umhverfisstofnunnar á þeirri gerð handlauga sem Framsýn menntun ehf. hyggðist nota. Mat Umhverfisstofnunnar var að rök fyrir notkun færanlegra handlauga vantaði og ekki væri hægt að sjá að aðstæður væru með þeim hætti að torvelt eða ómögulegt sé að setja upp varanlegar handlaugar í húsnæði skólans.

Heilbrigðiseftirlit hefur fylgst með og tekið út skólahúsnæði sveitarfélaganna og komið að athugasemdum ef reglugerðarákvæðum er ekki fylgt. Þar á meðal þeirri kröfu að handlaug skuli vera í hverri kennslustofu ásamt aðgengi að salernum. Engar haldbærar forsendur eða rök eru fyrir því að kennsluhættir eða húsnæði grunnskólans NÚ sé með þeim hætti að gera þurfi minni kröfur til húsnæðis skólans en almennt er gert í sambærilegum skólum.

Heilbrigðisnefnd tekur því undir umsögn framkvæmdastjóra og leggst alfarið gegn því að undanþága verði gefin fyrir færanlegum handlaugum í skólanum.

#### 4.4. Umsögn um áformaðar breytingar á viðaukum við lög nr.7/1998

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnti á samráðsgátt Íslands þann 9. júlí 2019 áform um lagasetningu, þ.e. frumvarp um breytingu á viðaukum við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefnd styður þá framsetningu er fram kemur í gögnum með frumvarpsdrögum að viðaukar I, II, IV og V vísi til starfsleyfis- og eftirlitsskyldu atvinnustarfsemi. Viðauki III verði upptalning á atvinnustarfsemi þar sem leyfisveitandi og eftirlitsaðili þurfi sérstaklega að huga að umhverfisáhrifum rekstrar sem að öðru leyti falli undir aðra viðauka laganna.


Heilbrigðisnefnd telur að stjórnvöld eigi að fara hægt í því að fella með öllu niður eftirlitsskyldu með starfsemi sem er að finna í viðaukum IV og V. Álag frá atvinnurekstri á sitt nærumhverfi getur verið breytilegt eftir staðsetningu, aðstöðu rekstrar, umfangi, tækni, verklagi o.fl. þáttum. Staðbundin stjórnvöld eru best fær um að meta hvort og hvaða aðkomu þarf til að rekstur sé í sátt við sitt umhverfi.

#### 4.5. Umsögn um drög að reglugerð um skráningarskyldu

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir athugasemdum Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) um drög að reglugerð um skráningarskyldu. Áform ráðuneytis er að birta drögin í samráðsgátt Íslands í september komandi.

Fulltrúar HHK sátu fund í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti þann 23. ágúst sl. þar kom m.a. fram að ráðuneytið óskaði eftir umsögnum innan viku sem nýttar yrðu fyrir birtingu í samráðsgátt.

Heilbrigðisnefndir í landinu og samtök sveitarfélaga hafa í nokkur ár mótmælt þeim áformum umhverfis- og auðlindaráðuneytis að atvinnurekstur sem nefndirnar hafa eftirlit með þurfi hvorki leyfi eða samþykki heilbrigðisnefnda fyrir sinni starfsemi. Að þær hafi enga aðkomu að slíkum rekstri fyrr en stofnun á vegum ríkisins hafi skráð starfsemina og rekstur er hafinn.




Heilbrigðisnefnd telur að með þessu sé verið að breyta verulega til verri vegar, farsælum samskiptum atvinnulífs og staðbundinna yfirvalda, verið sé að færa hluta ákvarðanavalds sveitarfélaga í umhverfis- og skipulagsmálum yfir til ríkis. Nefndin hvarmar að ráðuneytið hafi ekki tekið tillit til þeirrar almennu andstöðu sem þessi stefna hefur fengið á sveitarstjórnarstiginu.


Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að ráðuneytið láti reglugerð um skráningarskyldu ekki taka gildi fyrr en tryggt sé að áformuð skráningagátt sé tryggilega virk og ráðuneytið kynni þessi áform vandlega.

Framkvæmdastjóra falið að koma þessum athugasemdum á framfæri við SHÍ og Umhverfis og auðlindaráðuneytið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.

  
Jón Haukur Ingvason

  
Sigurður Grétarsson

  
Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir

  
Sævar Gíslason

  
Gnýr Guðmundsson



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 308. fundur

Föstudaginn 16. ágúst 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Björg Fengler (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fjarvarandi: Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP) sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá fundar:

- 1) Árshlutauppgjör 30.06.2019
- 2) Forsendur fjárhagsáætlunar 2020
- 3) Greiðslukerfi – útboð
- 4) Leiðaneti í Hafnarfirði
- 5) Leiðarljós leiðanetsbreytinga
- 6) Orkuskipti - skýrsla
- 7) Akstursþjónusta fatlaðs fólks
- 8) Fundir með ráðherrum
- 9) Önnur mál

#### Tekið fyrir:

##### 1. Árshlutauppgjör 30.06.2019

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30. júní 2019. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoma er í takt við áætlun fyrir tímabilið.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu árshlutauppgjör 30.06.2019 með undirskrift sinni.

##### 2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2020

Umfjöllun um drög að meginforsendum fjárhagsáætlunar 2020-2024.

##### 3. Greiðslukerfi - útboð

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir niðurstöður úr forvali í útboði á rafrænu greiðslukerfi fyrir Strætó.

Frestur til að skila inn forvalsumsóknnum vegna útboðs á rafrænum greiðslukerfi fyrir Strætó, rann út 19. júlí sl. Alls skiluðu átta aðilar inn umsóknnum um þátttöku í útboðinu.

Eftir yfirferð á umsóknnum frá mögulegum þátttakendum í útboðinu, eru sex aðilar af þeim sem skiluðu inn umsóknnum, metnir hæfir til að taka þátt í útboðinu.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að halda áfram með útboðsferlið.

Endanleg útboðsgögn verða send þeim aðilum sem metnir voru hæfir til að taka þátt í útboðinu á næstu vikum.



#### 4. Leiðanet í Hafnarfirði

---

Fyrir fundinum liggur minnisblað dagsett 14. ágúst 2019, þar sem farið er yfir mismunandi útfærslur á leiðanetsbreytingum í Hafnarfirði.

Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar.

#### 5. Leiðarljós leiðanetsbreytinga

---

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur skipulagssviðs Strætó, fór yfir tillögur að nýjum leiðarljósum sem ætlunin er að styðjast við þegar ákvarða á breytingar á leiðaneti Strætó í framtíðinni.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um leiðarljós leiðanetsbreytinga hjá Strætó.

#### 6. Orkuskipti

---

Á fundi stjórnar 21. júní sl. var samþykkt að fengin yrði utanaðkomandi ráðgjafi til að gera greiningu á mismunandi orkugjöfum vagna þar sem meðal annars kæmi fram reynsla, hagkvæmni og heildar líftímakostnaður.

Sigurður Páll Steindórsson sérfræðingur frá Mannviti kynnti skýrslu sem sérfræðingar hjá Mannviti unnu fyrir Strætó þar sem tekið var á framangreindum þáttum. Um er að ræða endurskoðun og uppfærsla á skýrslu sem Mannvit vann fyrir Strætó 2017.

#### 7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

---

Áframhaldandi umræður um breytingar á skipulagi akstursþjónustu fatlaðs fólks.

#### 8. Fundir með ráðherrum

---

Björg Fengler stjórnarformaður og Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó fóru yfir umræður af fundum sem þau áttu með fjármálaráðherra og umhverfisráðherra um orkuskipti, þar sem meðal annars var rætt um mögulegar ívilnanir í formi endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fjárfestinga í umhverfisvænum vögnum.

#### 9. Önnur mál

---

- Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands í borgarráði, dagsett 19. júlí 2019, er varðar nýtt leiðanet. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokki fólksins í borgarráði, dagsett 19. júlí 2019, er varðar möguleika Strætó á nýtingu metan sem orkugjafa. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokki fólksins í borgarráði, dagsett 19. júlí 2019, er varðar nýja fargjaldastefnu Strætó. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- Farið var yfir sérakstur Strætó í tengslum við stórviðburði.

**Fundi slitið kl. 13:20**

#### Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur Strætó bs. 30.06.2019
- Kynning árshlutauppgjör 30.06.2019



- 19.8.14 Minnisblað leiðanetsbreytingar Hafnarfirði – Lenging á leið 21
- R1907049- Fyrirspurn Borgarráð – nýtt leiðanet 18.07.2019
- R1907163- Fyrirspurn Borgarráð – fargjaldastefna 18.07.2019
- R1907162- Fyrirspurn Borgarráð- metan 18.07.2019
- Árshjól og leiðarljós – leiðanetsbreytinga.
- Orkugjafar fyrir Strætó, kynning 20190816

---

Björg Fenger

---

Hjálmar Sveinsson

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Karen Halldórsdóttir

---

Ásgeir Sveinsson

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR

411. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 16.08.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Kristinn Andersen, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Ágúst Bjarni Garðarsson boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestur fundarins undir lið 1 var Theodór S. Sigurbergsson frá Grant Thornton.

Tekið fyrir:

**1. Árshlutauppgjör – 6 mánaða 2019**

Árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins lagður fram og kynntur. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Árshlutareikningurinn ræddur, staðfestur og undirritaður.

**2. Endurskoðuð fjárfestingaráætlun**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. Málinu vísað til eigendavettvangs.

**3. Niðurstaða útboðs á uppsetningu tækjabúnaðar í móttökustöð**

Tilboð í verkið voru opnuð þann 27. júní sl.og er samanburður tilboða sem hér segir:

Tilboðsgjafi	Upplesin upphæð kr.	Upphæð eftir yfirferð kr.	% af kostnaðaráætlun
Héðinn ehf.	192.918.237,-	192.909.890,-	87,7%
Ístak hf. – frávik	208.116.419,-	206.204.769,-	93,7%
Ístak hf.	227.473.724,-	225.563.984,-	102,5%
VHE ehf.	243.858.965,-	243.858.965,-	110,8%
Hamar ehf.	262.134.292,-	262.134.292,-	119,2%
Stál og suða	271.036.000,-	293.536.000,-	133,4%
Stálsmiðjan Framtak	471.876.144,-	469.876.193,-	213,6%
<b>Kostnaðaráætlun</b>	<b>220.000.000,-</b>	<b>220.000.000,-</b>	<b>100,0%</b>

Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda um verkið.

*Handwritten signatures and initials:*  
Birkir Jón Jónsson (BJJ), Ágúst Bjarni Garðarsson (ÁBG), Guðrún Eva Jóhannesdóttir (GEJ), and others.

**4. Svar við kröfu ÍAV**

Lagt fram svarbréf LOGOS lögmansstofu við kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar.

**5. Metannotkun sveitarfélaganna**

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að bréfi til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þar sem óskað er eftir svörum þeirra um hvort þau hyggist nýta metan á ökutæki í þjónustu sveitarfélaganna. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að óska svara frá hverju sveitarfélagi en einnig frá Strætó bs. og SHS bs.

**6. Bréf Samkeppnisefirlits vegna sáttar um metanmál frá 2012**

Lagt fram og kynnt bréf Samkeppnisefirlits, dagsett 5. júlí 2019 þar sem kynnt er sú ákvörðun eftirlitsins að falla frá efnisskilyrðum ákvörðunar nr. 33/2012 – lóðrétt samráð vegna metangas.

**7. Bréf Samkeppnisefirlits vegna kvörtunar Gámaþjónustunnar hf. um afnám afsláttá frá 2013 – lok máls og tilmæli**

Lagt fram og kynnt bréf Samkeppnisefirlitsins, dagsett 5. júlí 2019 þar sem eftirlitið kynnir lok máls og ákveðin tilmæli til SORPU bs.

**Næsti fundur**

Næsti fundur ákveðinn þann 26. ágúst kl. 12:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:05

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

*Birkir Jón Jónsson*  
~~*Ólafur*~~  
*Kölin Andri*  
*Jóna Sæunnadóttir, fjárfingarábyrgðingur*  
*Kolbrún G. Þorsteinsd.*  
*Bjarni Þorsteinsson*  
*Bjarni Þorsteinsson*  
*Ólafur*



Reykjavík, 16. ágúst 2019  
Fundargerð 183. fundar

*Tilvísun: 1905064*

Föstudaginn 16. ágúst 2019 var haldinn 183. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Haraldur Sverrisson. Ármanns Kr. Ólafsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Sturla Jónsson, endurskoðandi SHS frá Grant Thornton, sat fundinn undir lið 1. Ingibjörg Óðinsdóttir mannauðsstjóri SHS sat fundinn undir lið 5.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## **1. 6 mánaða uppgjör**

Farið var yfir árshlutareikning samstæðu SHS fyrir janúar – júní 2019. Nýtt ráðningarbréf endurskoðanda lagt fram til undirritunar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutauppgjör SHS janúar-júní 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árhlutauppgjörs 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Ráðningarbréf Grant Thornton um endurskoðun, dags. 1. júlí 2019.

*Afgreiðsla:* Reikningurinn samþykktur og undirritaður. Ráðningarbréf endurskoðanda SHS samþykkt og undirritað.

## **2. Endurskoðun brunavarnaáætlunar**

Áætlun um fyrstu endurskoðun brunavarnaáætlunar SHS 2020 kynnt.

*Afgreiðsla:* Samþykkt að fyrsta endurskoðun á brunavarnaáætlun SHS liggja fyrir í júní 2020.



### 3. Tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar

Formaður lagði fram tillögu um meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags 10. júlí 2019.

*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024.

### 4. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar

Slökkviliðsstjóri óskaði eftir því að stjórn legði til dagsetningu fyrir aðalfund SHS 2019.

*Afgreiðsla:* Frestað.

### 5. Könnun HR Monitor

Niðurstöður könnunar HR Monitor á starfsánægju starfsmanna SHS kynntar.

*Afgreiðsla:* Kynning. Stjórn óskar eftir minnisblaði um eftirfylgni í kjölfar niðurstöðu könnunarinnar.

### 6. Verðmat Jafnasel 1-3

Farið yfir verðmat á lóð og eignum við Jafnasel 1-3 sem fasteignasöluvarnir Bær og Miklaborg hafa framkvæmt fyrir SHS og Reykjavíkurborg.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fasteignasalan Bær; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 15. júní 2019.
- Fasteignasalan Miklaborg; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 2. mars 2019.



*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóra falið að ganga til samninga, í samráði við varaformann stjórnar.

### 7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:00


Næsti fundur verður föstudaginn 20. september 2019.




320

Fylgiskjöl:


- Árshlutauppgjör SHS janúar-júní 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Könnunarskýrsla vegna 6 mánaða árshlutauppgjörs 2019, dags. 16. ágúst 2019.
- Ráðningarbref Grant Thornton um endurskoðun, dags. 1. júlí 2019.
- Bréf fjármála- og áhættustýringarviðs Reykjavíkurborgar; Undirbúningur, vinnsla og skil fjárhagsáætlunar 2020 og fimm ára áætlunar 2020-2024, dags 10. júlí 2019.
- Fasteignasalan Bær; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 15. júní 2019.
- Fasteignasalan Miklaborg; Verðmat á Jafnaseli 1-3, dags. 2. mars 2019.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir

C. 26 →



## Stjórn SSH 473. fundur

Mánudaginn 19. ágúst 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Karl M. Kristjánsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Þannan lið sat Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri. Framkvæmdastjóri og svæðisskipulagsstjóri fóru yfir helstu verkefni sem í gangi eru hjá verkefnastofu Borgarlínu og unnið er nú að.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fylgjast með gangi verkefnisins en staða verkefnisins verður fastur liður á dagskrá stjórnar meðan verkefninu fleytir fram.

### 2. Arnarnesvegur(411), Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut / málsnr. 1908006

Afrit af bréfi vegamálastjóra frá 26.7.2019 er varðar vinnu við for- og verkhönnun Arnarnesvegar og vegamóta hans við Breiðholtsbraut skv. fyrirliggjandi mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Vegagerðin lítur svo á að framkvæmdin sé hluti samkomulags vegna samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður

#### Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt.

### 3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

Farið yfir stöðu mála er varðar viðræður SSH og Ríkisins um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Viðræður við ríkið halda áfram og mun stjórnin fylgjast áfram með gangi mála.

### 4. Kröfur Kópavogsbæjar til framkvæmda á vatnsverndarsvæði – Skíðasvæðið í Bláfjöllum / málsnr. 1501005

Lagt fram til kynningar bréf Kópavogsbæjar er varðar kröfur Kópavogsbæjar til framkvæmda á vatnsverndarsvæðum m.t.t. skíðasvæðisins í Bláfjöllum. Í bréfinu kemur fram að unnin hafi verið, að beiðni Kópavogsbæjar, greinargerð frá VSÓ ráðgjöf þar sem fram koma kröfur um verklag til að fyrirbyggja óhöpp sem geta leitt til mengunar grunnvatns og vatnsbóla. Skipulagsráð Kópavogsbæjar hefur samþykkt framlagðar verklagsreglur og bæjarráð Kópavogsbæjar staðfest afgreiðslu skipulagsráðsins.



Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram og kynnt.

**5. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins. Farið var m.a. yfir þær mótvægisáðgerðir sem vinna þarf að vegna vatnsverndar og fyrirhugaðra framkvæmda.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Vinna að framgangi málsins mun halda áfram.

**6. Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) – samningar / málsnr. 1608006**

Umræða um samninga vegna Notendastýrðar persónulegrar aðstoðar. Aðalsteinn Sigfússon félagsmálastjóri Kópavogsbæjar og formaður samráðshóps stjórnenda í velferðarmálum á starfssvæði SSH var gestur fundarins.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn SSH hvetur Samband íslenskra sveitarfélaga til að fjalla frekar um málið og stuðla að því að verkferlar við framkvæmd NPA verði skýrðir og samræmdir gagnvart ríki og sveitarfélögum.

**7. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002**

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu málsins og kynnir drög að niðurstöðum vinnuhóps sem fjallað hefur um málið á síðustu misserum. Fundað hefur verið með Hafnarfjarðabæ og Kópavogsbæ sbr. ákvörðun stjórnarfundar SSH frá 3. júní 2019.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn frestar til næsta stjórnarfundar.

**8. Starf svæðisskipulagsstjóra / málsnr. 1908008**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra er varðar starf svæðisskipulagsstjóra. Lögð er fram tillaga um eins árs afleysingu á starfi svæðisskipulagsstjóra þar sem hann sinnir nú í fullu starfi verkefnastjórn á verkefnastofu Borgarlínu. Þessi ráðstöfun mun ekki kalla á kostnaðarauka hjá sveitarfélögunum þar sem staðan er nú þegar fjármögnuð.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir tillögu eins og hún liggur fyrir í minnisblaði framkvæmdastjóra.

**9. Fjárhags- og starfsáætlanir byggðasamlaganna / málsnr. 1501004**

Lögð er fram sú tillaga að fjárhags- og starfsáætlanir byggðasamlaganna verði ræddar á eigendavettvangi í tengslum við fund stjórnar 2. september n.k. og umræðan hefjist kl. 9:00 fyrir stórnarfund sama dag.



*Úr eigendastefnu Sorpu bs. og Strætó bs. – kafla 5.2.5. Fjárhagsáætlun. „Fyrir 15. ágúst ár hvert skal stjórn Strætó bs./ Sorpu bs. leggja tillögu að meginforsendum fyrir fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir eigendafund. Eigendafundur skal fyrir 1. september ljúka umfjöllun um tillöguna og samþykkja þær meginforsendur sem gilda eiga um fjárhagsáætlun fyrirtækisins næsta rekstrarár. Stjórnin mótar síðan fjárhags- og starfsáætlun fyrirtækisins í samræmi við þær forsendur.“*

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir að eigendafundur vegna fjárhags- og starfáætlana byggðarsamlaganna verði haldnir mánudaginn 2. september n.k og hefjist kl. 9:00.

**10. Boð á fund með starfshópi Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra vegna ráðstöfun 5,3% aflaheimilda / málsnr. 1908007**

Lagt fram til kynningar og umræðu bréf frá Jóni Þrándi Stefánssyni sérfræðingi á skrifstofu Sjávarútvegs og fiskeldis er varðar mat á fyrirkomulagi þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði á með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun. Fulltrúi SSH sótti fundinn.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**11. Umsögn sambandsins um drög að grænbók um flugsamgöngur / málsnr. 1906001**

Lagt fram til kynningar umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga frá 6. ágúst 2019 um drög að grænbók um flugsamgöngur.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Lagt fram til kynningar.

**12. Fundargerð stjórnar SORPU – fundur 410**

Fundargerð stjórnar Sorpu nr. 410 frá 19.07.2019 lögð fram til kynningar.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

**13. Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál.**

Fundargerð fundar samráðshóps SSH um velferðarmál lögð fram til kynningar.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.



**14. Framsalssamningur um hluti í eignarhaldsfélaginu Speli /málsnr. 1809004**

Fyrir liggur framsalssamningur um hluti Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til Vegagerðinnar. Framsalið tengist afhendingu Hvalfjarðargangna til íslenska ríkisins og þar með útgreiðslu hlutafjár og arðs til hlutahafa. Útgreiddur hlutur til SSH er 1.506.427 kr.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir framsalssamninginn og felur framkvæmdastjóra undirritun hans.

**15. Önnur mál**

Önnur mál

Ekki fleira gert.  
Fundur lauk kl. 14:00

Karl M. Kristjánsson vék af fundi 13:30.  
Haraldur Sverrisson vék af fundi kl. 13:40.

## **Tillaga Garðabæjarlistinn um bætta samgöngur í Urriðaholti. Flutningsmaður Sara Dögg Svanhildardóttir**

Bæjarstjórn samþykkir að fara í aðgerðir til að bæta samgöngur í Urriðaholti þannig að almenningssamgöngur séu greiðar í og um hverfið sem og til og frá Urriðaholtsskóla.

### **Greinagerð**

Urriðaholt er nýtt og vaxandi hverfi þar sem nú þegar er risinn skóli og starfsemi hans komin á fullt og því börn og ungmenni stór hluti íbúa hverfisins. Mikilvægt er að lögð sé rík áhersla á góðar almenningssamgöngur um hverfið þar sem fjarlægð í mikilvæga nærþjónustu er ekki í svokölluðu göngufæri. Börn og ungmenni þurfa að komast auðveldlega leiða sinna í og úr tómstundum og íþróttum sem enn sem komið er er sótt utan hverfis og yfir miklar umferðagötur.

Við í Garðabæjarlistanum teljum mjög brýnt að hraða málum og tryggja almenningssamgöngurnar. Ekki síður til að tryggja að Urriðaholtsskóli sem er framsækinn, faglegur og spennandi valkostur fyrir starfsfólk geti tryggt sér það fagfólk sem sýnir starfsumhverfinu áhuga en kýs að nýta sér almenningssamgöngur í og úr vinnu.

**Tillaga Garðabæjarlistinn um að hefja beinar útsendingu frá bæjarstjórnarfundum  
Flutningsmaður: Ingvar Arnarson**

Bæjarstjórn samþykkir að hefja beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum á heimasíðu Garðabæjar og að fundirnir verði gerðir aðgengilegir eftir að þeim lýkur.

**Greinagerð**

Með því að senda beint út frá fundum bæjarstjórnar styðjum við enn frekar við það lýðræði og gagnsæi sem mikilvægt er að temja sér og vaxandi kröfur eru um í nútíma samfélagi. Þannig gerum við stjórnsýsluhætti Garðabæjar betri ásamt því að tryggja að stjórnsýslan sé opin og fagleg. Einnig er aðgerð sem þessi líkleg til að auka áhuga íbúa á málefnum sveitarfélagsins.



**Bæjarstjórn 5.september 2019**  
**Fyrirspurn Garðabæjarlistans**

Á fundi leikskólanefndar í janúar á þessu ári lögðu fulltrúar Garðabæjarlistans fram bókun og fyrirspurn þar sem spurt var hvort hægt væri að fá lagða fram kostnaðargreiningu á þjónustu hjá leikskólum Garðabæjar en meirihluti hefur talað fyrir því að há leikskólagjöld stafi af betri þjónustustigi en hjá nágrannasveitarfélögum og er þá vísað í sumaropnum, inntöku ungra barna og menntaðs starfsfólks.

Þeirri fyrirspurn hefur ekki verið svarað í leikskólanefnd því legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn. Hefur kostnaðargreining á rekstri leikskólanna farið fram og ef svo er þá óskum við eftir því að hún verði yfirfarin í leikskólanefnd með það að leiðarljósi að auka gagnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð í undanfara fjárhagsáætlunar. Ef ekki hvers vegna ekki?

F.h. Garðabæjarlistans  
Harpa Þorsteinsdóttir  
Bæjarfulltrúi

## GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI FRÍSTUNDAR

Frístund fyrir börn með sérþarfir í 5. til 10. bekk við grunnskóla í Garðabæ er starfrækt í Garðaskóla.

Í frístund gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1- 10 klst./mán.	kr. 3.570
11-20 klst./mán.	kr. 7.140
21-30 klst./mán.	kr. 10.710
31-40 klst./mán.	kr. 14.280
41-50 klst./mán.	kr. 17.850
51-60 klst./mán.	kr. 21.420
61-70 klst./mán.	kr. 24.990
71-80 klst./mán.	kr. 28.560

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í tómstundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Einstæðir foreldra og námsmenn ef báðir foreldrar eru í fullu námi, fá 40% afslátt af gjaldi.

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.

Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Allt nám sem er lánshæft er hjá LÍN telst gilt nám

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. ágúst 2019.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*